

Fundargerð 344. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2012, föstudaginn 16. mars kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason og Steinþór Pétursson. Í símasambandi voru Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Örn Ólafsson, Skúli Þórðarson og Björn Arnaldsson í forföllum Más Sveinbjörnssonar.

Að auki sat fundinn Ingibjörg Hinriksdóttir, tækni- og upplýsingafulltrúi sambandsins, og ritaði hún fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Gísli skýrði frá fundi sem hann hefur átt með fulltrúum ráðuneytisins. Annar fundur er fyrirhugaður á mánudag. Gísli telur lítið eftir af vinnu við endurskoðun laganna en fulltrúar HÍ hafa gert nokkrar athugasemdir við frumvarpið sem lagðar voru fram á fundinum. Drjúgar umræður urðu um frumvarpsdrögin.

Samþykkt að stjórnarmenn legðust yfir frumvarpsdrögin og þær breytingar sem þar eru lagðar til og verður málið rætt áfram á næsta fundi.

2. Hafnasambandsþing 2012 - 1111004HA

Rætt um undirbúning og framkvæmd hafnasambandsþings í Vestmannaeyjum í september nk.

Steinþór Pétursson ætlar að leggja fram tillögu að dagskrá á næsta fundi.

3. Umhverfisstefna hafna - 1110002HA

Gísli gerði grein fyrir stöðu mála.

4. Stjórnarfundir hafnasambandsins 2012 - 1202002HA

Rætt um ferð stjórnar um norðanverða Vestfirði í maí.

Ákveðið að ferðin standi dagana 15. og 16. maí nk.

5. Starfshópur um strandsiglingar - tillögur - 1202003HA

Guðný spurði út í málefni sjóflutninga. Gísli skýrði frá því að sjóflutningar væru inní samgönguáætlun.

6. Vigtun sjávarafla - 0901002HA

Guðný spurði um fjarvigtun. Björn upplýsti að málið hefði dagað uppi með nýjum Fiskistofustjóra. Gísli leggur til að málið verði tekið upp á næsta stjórnarfundum.

Björn vakti athygli á mismunun á vigtun slægðs og óslægðs afla. Nefndi hann dæmi um óslægðan afla sem hefði verið fluttur á markað, þar gert að honum og

hann vigtaður uppá nýtt. Aflagjöld væru greidd af slægðum afla en ekkert væri greitt af hrognum og lifur sem kæmu úr aflanum og væri seld gegn góðu verði. Það sama getur átt við um grásleppu og telur Björn að vandamál séu í uppsiglingu við upphaf grásleppuvertíðar. Björn auglýsti eftir hugmyndum um hvernig hægt er að leysa úr þessu.

Fundi var slitið kl. 11:45.

Gísli Gíslason

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir

Guðný Sverrisdóttir

Ólafur Örn Ólafsson

Skúli Þórðarson

Steinþór Pétursson

Björn Arnaldsson

ritari